

Alþingi
Erindi nr. P 125/1054
komudagur 15.3.2000

Umhverfisnefnd
Alþingi
Kirkjuhvoli
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 14. mars 2000
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
Tilv:00030004

Bændasamtökum barst ofangreint frumvarp, 386. mál þingsins, til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis.

Búnaðarþing fjallaði um málið og samþykkti meðfylgjandi ályktun.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum

Búnaðarþing hefur haft til skoðunar og umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Eftir þann knappa tíma sem þingið hefur haft frumvarpið til athugunar er bent á eftirfarandi atriði sem það telur betur mega fara:

1. Algengt er að orðalag sé óljóst og því ekki greinilegt yfir hvað viðkomandi hugtak nær. Að einhverju leiti stafar þetta af vélrænni þýðingu á þeim texta sem lagður var til grundvallar viðaukum laganna, þ.e. tilskipunum EB um þetta efni, 85/337/EBE og 97/11/EB. Gott dæmi er orðið "paulnýttinn" í b-lið 1. greinar 2. viðauka laganna en þar er þýtt enska orðið "intensive" án nokkurra skýringa eða skilgreiningar á merkingu þess og er slíkt óviðunandi. (sbr. frumtexta). "Pauleldi", sem er þýðing á sama orði er einnig notað án nokkurra skýringa. Mjög er óljóst hvað átt er við með "endurskipulagningar á landareignum", sjá lið a. í sömu grein og víðar má finna orðalag sem býður upp á hentisemiskennða túlkun og þar af leiðandi deilur. Þetta á sérstaklega við um viðauka 2, en mörk til ákvörðunar um umhverfismat eða ekki sýnast víða óljós þegar vel er skoðað.
Því telur búnaðarþing að skýra þurfi þessi mörk með ákveðnara og íslenskara orðalagi en nú er í textanum í stað þess að hafa orðalagið "opið til síðari skilgreiningar" eins og fram kom í viðræðum við einn af höfundum frumvarpsins.
2. Greinilegt er að þessi lög skarast mjög verulega við skipulags- og byggingalög og einnig við starfssvið Hollustuverndar varðandi starfsleyfisveitingar. Slík skörun er jafnan óheppileg og líkleg til þess að auka kostnað og lengja undirbúningsferil allra framkvæmda. Þingið telur rétt að hyggja vel að möguleikum til þess að auka ákvörðunarvald skipulags- og byggingayfirvalda á hverjum stað varðandi umhverfismat áður en Alþingi tekur frumvarpið til lokaafgreiðslu.
Þingið leggur til að stærðarmörk í viðauka 2, grein 1, liðum a til d verði hækkuð um helming, einnig stærðarmörk í sama viðauka, grein 3, liðum a og b.

Búnaðarþing felur stjórn Bændasamtaka Íslands að fylgjast með málinu í meðförum Alþingis.